

Alþingi  
Erindi nr. P 125/696  
komudagur 26.1.2000

Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 REYKJAVÍK



Reykjavík, 19. janúar 2000.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu, 237. mál.**

Vísað er til bréfs formanns allsherjarnefndar Alþingis, dags. 14. desember sl., en með því var ríkistollstjóra sent til umsagnar ofangreint frumvarp.

Frumvarpið fjallar um breytingar á almennum hegningarlögum, nr. 19, 1940, lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13, 1984, lögum um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsíðoma, nr. 56, 1993, lögreglulögum, nr. 90, 1996, og lögum um vegabréf, nr. 136, 1998, sem eru taldar nauðsynlegar vegna fyrirhugaðrar þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu.

Frumvarpið varðar ekki beinlínis starfssvið tollyfirvalda. Embættið telur ekki efni til að koma á framfæri við allsherjarnefnd sérstökum ábendingum vegna meðferðar þess.

Virðingarfyllst,  
f.h. ríkistollstjóra,

Hermann Guðmundsson  
forstöðumaður Lögfræði- og tollgæsludeildar.